

að eins fundið til eins — til þess, hvað sólarseislunn var góður við það.

En nú gleymdi það sólarseislunum. Hlustaði að eins á lofsönginn. Og vaggaði sér viðkvæmnislega í tónunum. Og í litla læknum, sem leið hægt fram hjá því, speglaði það sig. Og því fanst það vera svo satt alt saman — svo yndislega satt alt, sem lofið söng um það. Og það viknaði af því, hvað sannleikurinn væri góður og skemtilegur.

Þegar sólarseislunn kom og vildi nú kyssa það og faðma, eins og hann hafði verið vanur að gera, þá sneri það upp á sig og vildi ekki þýðast hann. Það var ekki lengur upp á hann komið, fanst því.

Hann fór þá og faldi sig, og kom ekki um stund til blómsins. En honum þótti fyrir; því hann elskarði blómið.

Nú fór blóminu óðar að hnigna. Fögru litirnir voru á förum. Það fólнаði. Og ilmurinn þvarr.

Þeir, sem dást höfðu að því og lofað það, skáldin, sögmennirnir, ræðusnillingarnir og allir hinir, sögðu nú: „Hvað gengur að blóminu? Ósköp eru að sjá, hvernig það lítur út!“—Og þeir hættu að horfa á það og að hugsa um það. Höfðu nú ekkert gagn af því lengur. Og steinþögðu um það.

Blóminu leið nú illa. Og það leit niður í litla lækinn og sá myndina sína. Það mintist þess, sem áður hafði verið, og fór að gráta. „Æ, að sólarseislunn vildi koma aftur til míni og kyssa mig og faðma mig, eins og hann var vanur að gera“—sagði það við sjálft sig. En sagði það undur lágt. Það þordi eins og ekki að segja það.

En sólarseislunn heyrði það samt; því hann heyrir svo dæmalaust vel. Og hann sá tárin í augunum á blóminu. Og hljóp óðar á stað.—Og sólarseislunn er ósköp fljótur að hlaupa. —Og hann kysti blómið og faðmaði það að sér, eins og hann hafði verið vanur að gera, nemá hvað blóminu fanst hann vera miklu hlýrri og betri við sig en nokkurn tíma áður.

„En hvað veðrið er orðið blessað og gott“—sagði blómið. „Og fallegt alt í kring um mig!“ — Og nú var hýrnað yfir því. Sömu fögru litirnir færðust í kinnarnar. Og sama ilmandi loftið var um það eins og áður.